

10. bekkur

Áætlun í íslensku

Námsgögn veturinn 2019-2020:

Málfræði: *Logar, Stoðkennarinn.* Verkefni frá kennara

Ritun: *Logar.* Verkefni frá kennara. Bókmenntaritgerð og heimildaritgerð. Ritun ræðu.

Stafsetning: *Logar, Stoðkennarinn.* Verkefni frá kennara.

Lestur og lesskilningur: *Logar. Brennu –Njálssaga.* Ýmsar bækur til yndislestrar.

Framkoma og tjáning: *Logar.* Flutningur ræðu. Leikræn tjáning í tengslum við ýmis verkefni vetrarins

Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefnaskil	Hæfniviðmið	Uppbrot
18.-22. nóv.	<i>Bókmenntaritgerð</i> Bókmenntahugtök Uppbygging ritgerðar	Afhentar leiðbeiningar um ritgerðarskrif.	Nemandi geti lesið, túlkað, metið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.	
25.-29. nóv.	<i>Bókmenntaritgerð</i> Skrif í skóla og heima.	Lestur kjörbókar á að vera lokið.	Nemandi geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða. Nemandi geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.	
2.-6. des.	<i>Bókmenntaritgerð</i> Skrif í skóla og heima.		Nemandi geti beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	

			Nemandi geti valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.	
9.-13. des.	<i>Bókmenntaritgerð</i> Skrif í skóla og heima.		Nemandi geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli. Nemandi geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu.	
16.-20. des.	<i>Bókmenntaritgerð</i> Skrif í skóla og heima.	17. des.: Skil á bókmenntaritgerð	Nemandi geti beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda.	19. des.: Jólagleði 20. des.:Jólaleyfi hefst
23. des.-27. des.	JÓLAFRÍ			
30. des.-3. jan.	Jólin mín	Ritunarverkefni unnið í skóla.	Nemandi geti samið texta frá eigin brjosti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.	2. jan.:Starfsdagur 3. jan.: Skóli hefst á ný
6. – 10. jan.	Ritun ræðu		Nemandi geti valið textategund, skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni. Nemandi geti samið texta þar sem beitt er sköpun og geti notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu.	
13. – 17. jan.	Ritun ræðu og æfingar	Ræðukeppni bekkjarins föstudaginn 17. jan.	Nemandi geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Nemandi geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda.	

			Nemandi geti hlustað af athygli.	
20.-24. jan.	Nýsköpunarverkefni		Nemandi geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. Nemandi geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	
27. -31. jan.	Nýsköpunarverkefni		Nemandi geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar. Nemandi geti nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. Nemandi geti lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.	
3.-7. feb.	Nýsköpunarverkefni		Nemandi geti skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga. Nemandi geti valið textategund, skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni.	
10. – 14. feb.	Nýsköpunarverkefni	Afrakstur þarf að vera klár fyrir 12. feb.	Nemandi geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	12. feb.: Opið hús á elsta stigi 13. feb.: Starfsdagur 14. feb.: Foreldradagur

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni í grunnskóla eru höfð til hliðsjónar yfir alla önnina: tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi.

Kennari: Anna Kristín Guðjónsdóttir og
Line Nörgaard
Miðönn